

13. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

30. október 2020 kl. 14.30

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Maja Vilstrup, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri, sat fundinn vegna dagskrárliða nr. 1 – 3.

FUNDARSTAÐUR: HUPPUSALUR.

DAGSKRÁ:

1. Gjaldskrá leikskólans fyrir 2021
2. Drög að fjárhagsáætlun
3. Tillögur starfsmanna leikskólans um styttingu vinnuvikunar.
4. Skýrsla skólastjóra
5. Skólanámskrá
6. Starfsáætlun
7. Skoðunarskýrsla Heilbrigðiseftirlits
8. Niðurstaða könnunar til foreldra

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Gjaldskrá leikskólans fyrir 2021

Formaður fór yfir málið og kynnti drög að gjaldskrá leikskólans, sem eru eftirfarandi:

Kjarnatími leikskólans er milli kl. 8-16 á virkum dögum.

1. Gjaldfrelsi er fyrir börn fædd árið 2015 og 2016 á kjarnatíma leikskólans.
2. Frá hausti 2021 eftir sumarfrí, verða börn fædd árin 2017 og 2018 einnig gjaldfrjáls á kjarnatíma.
3. Leikskólagjöld annarra barna eru eftir því sem hér segir:

Viðvera pr. dag mánaðargjald 4 klst = 14.540 kr., 5 klst = 18.175 kr., 6 klst = 21.810 kr., 7 klst = 25.445 kr., 8 klst = 29.080 kr. 10% álag reiknast á börn yngri en 18 mánaða.

4. Vistunargjald fyrir hverjar 15. mín utan kjarnatíma er 5.140 kr. á mánuði hjá þeim börnum sem eru gjaldfrjáls. Gjaldið er 910 kr. á mánuði hjá þeim sem greiða vistunargjöld.
5. Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur fyrir barn sem kemur of snemma/sótt er of seint án þess að hafa samið um það. Gjaldið er 514 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

6. Fæðisgjald er innheimt af öllum börnum og fer gjaldið eftir gjaldskrá mötuneytis Flúðaskóla hverju sinni. Fyrir árið 2021 verður gjaldið eftirfarandi: pr. dag og pr. mán hádegisverður 370 á dag/7.400 kr. á mán. Morgunhressing 79 kr. á dag/1.580 kr. á mánuði og síðdegishressing 121 kr. á dag/2.420 kr. á mánuði.

7. Afsláttur vegna forgangshópa og systkina er eftirfarandi: Forgangshópar 25%, Systkinaafsláttur 50%. Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldsskyldra systkina á kjarnatíma. Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

Ef barn fer í leyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður né afsláttur veittur. Sama gildir um fæðisgjald. Mikilvægt er að uppsagnarfrestur sé virtur.

Gjaldskráin rædd. Skólanefnd samþykkir gjaldskrá leikskólans Undralands fyrir árið 2021 með áorðnum breytingum.

2. Drög að fjárhagsáætlun

Jón, sveitarstjóri fór yfir helstu liði áætlunarinnar. Ljóst er að áhrif Covid-19 faraldursins setur mark sitt á rekstur sveitarfélagsins sem og kjarasamningar.

Rætt var um einstaka liði áætlunarinnar. Helsta breytingin frá fyrra ári er sú að laun og launatengd gjöld hækka um tæpar 11 milljónir og kaup á borðum, stólum og fleira um 2,5 milljónir miðað við áætlun ársins 2020, en að öðru leyti er gert ráð fyrir svipuðum rekstri í málaflokknum. Almennt var rætt um starfsemi leikskólans, fjölda stöðugilda per. barn, stuðningsþjónustu og rekstrarkostnað leikskólans.

Einnig var farið yfir rekstur eignasjóðsins fyrir leikskólann.

Skólanefnd samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2021 fyrir leikskólann Undraland.

3. Tillögur starfsmanna leikskólans um styttingu vinnuvikunar.

Jón, sveitarstjóri, fór yfir málið.

Í nýjum kjarasamningum milli sveitarfélagana og stéttarfélagana FL, FSL, FOSS og Bárunnar er m.a. aukinn undirbúningstíma, 30 daga orlof allra starfsmanna og styttingu vinnuvikunnar sem samtals nemur um 7 vinnudögum.

Formaður lagði fram, til kynningar, bréf frá starfsfólki leikskólans þar sem lögð er fram tillaga um hvernig þessari styttingu gæti verið háttað.

Málið rætt. Skólanefnd samþykkir að fresta málinu þar til starfshópur innan sveitarfélagsins, sem skipaður hefur verið um útfærslu á styttingu vinnuvikunnar, skilar álitinu sínu. Í hópnum eru m.a. stjórnendur skólanna beggja og sveitarstjóri, sbr. fundargerð sveitarstjórnar dagsett 30. sept sl..

4. Skýrsla skólastjóra

Starfið í leikskólanum er í nokkuð föstum skorðum þrátt fyrir Covid og það sem því fylgir. Börnin eru orðin 40, á Skógarkoti eru 17 börn, á Heiðarkoti eru þau 13 og á Móakoti eru 10 börn. Nokkrar umsóknir um skólavist eftir áramót liggja hjá skólastjóra.

Ljóst er að plássið á leikskólanum fer minnkandi og miðað við fermetrafjölda sem hvert barn á að hafa, að lágmarki, er leikskólinn fullur. Verið er að skoða að kaupa ný húsgögn í miðrýmið þannig að það gæti nýst betur til kennslu en nú er. Eins er verið að skoða skilrúm inni á deildir. Það þarf að hafa í huga að ef hér á að fjölga börnum þarf að bæta við starfsfólki.

Einn starfsmaður fór í þriggja mánaða veikindaleyfi í lok september og við réðum inn starfsmann í 60% stöðu til að bjarga málum.

Með nýjum kjarasamningum jókst undirbúningstími starfsmanna nokkuð. Þannig eiga faglærðir deildarstjórar nú rétt á 10 tímum á viku í undirbúning, ófaglærður deildarstjóri á rétt á 5 tímum á viku, leikskólakennarar eiga rétt á 7 klst á viku í undirbúning og aðrir ófaglærðir eiga rétt á 2 tímum á viku í undirbúning. Við höfum náð að skipuleggja undirbúning þannig að allir fá þann tíma sem þeir eiga rétt á. En ljóst er að það má ekki mikið út af bregða til þess að þetta gangi ekki þar sem við erum ekki með afleysingu í húsi til að sinna t.d. þegar vantar starfsfólk vegna veikinda. Ef kennarar komast ekki í undirbúning á vinnutíma eiga þeir rétt á yfirvinnu til að klára hann.

Við höfum skilað inn til sveitarstjóra hugmyndum starfsfólks varðandi styttingu vinnuvikunnar. Hér var fundað með trúnaðarmönnum stéttarfélaganna, rætt við starfsfólk og á endanum var kosning um þrjár leiðir sem ræddar höfðu verið.

Orlof alls starfsfólks lengdist með nýjum samningum en nú eiga allir 30 daga (sex vikur) í sumarfrí.

Við höfum lagt kapp á að hafa starfið í eins miklum föstum skorðum og við getum. Við vorum rétt búin að opna leikskólann fyrir foreldrum þegar þriðja bylgjan byrjaði þannig að við lokuðum aftur. Eftir ábendingu frá foreldri höfum við sett sprittbrúsa við hliðið inn í garðinn og reynum að minna fólk á að virða tveggja metra regluna og hafa börnin heima ef þau eru með flensueinkenni.

Stjórnendur sátu námskeið þar sem farið var yfir heimasíðu og vinnulag í kringum hana í Karellen kerfinu. Við stefnum á að opna nýja heimasíðu í nóvember, ef allt gengur eftir. Þegar hún er komin í loftið erum við að gera okkur von um að hætta alfarið að nota Facebook til að miðla upplýsingum til foreldra.

Haustþing féll niður í sinni hefðbundnu mynd en í staðinn fengum við fyrirlestur um að auka vellíðan í lífi og starfi með jákvæðri sálfræði. Allir starfsmenn sátu þetta námskeið og var almenn ánægja með það.

Fimm starfsmenn eru í námi og á Covid tímum hefur lítið verið um að þeir þurfi að fara vegna náms. Engar staðlotur hafa verið en eitthvað um fyrirlestra þegar staðnámslotur áttu að vera. Eins og alltaf snúum við baki saman til að hlutirnir gangi upp því við vitum öll að aukin menntun kemur okkur öllum til góða í starfinu.

Leikskólastjóri hefur setið allnokkra skólastjóra fundi á TEAMS þar sem málin hafa verið rædd og það er ómetanlegt að geta „hitt“ aðra skólastjóra og fengið hugmyndir, miðlað og fræðst. Eins er sérkennslustjóri búinn að sitja einn fund á vegum Skólaljónustunnar þar sem sérkennslustjórar báru saman bækur sínar.

Foreldraviðtöl voru í þessari viku og þurftum við að finna nýjar leiðir til að kynna starfið þar sem við viljum ekki fá foreldra í hús. Boðið var upp á rafræn viðtöl og eins var útbúin glærusýning þar sem farið er yfir starfið, hvað við erum að gera. Þetta er ekki síst vegna þess að hefðbundnir kynningarfundir eru ekki í boði í haust.

Tíminn flýgur og styttist í jólin og allt sem þeim fylgir. Við leggjum áherslu á að hafa notalegan og rólegan tíma í desember, nóg er stressið samt í kringum börnin. En mest hlökkum við til þegar þetta Covid ástand verður að baki og við getum boðið foreldrum, og öðrum sem áhuga hafa, að kíkja við í heimsókn og sjá hvað við erum að gera með börnunum.

Skýrslan rædd. Skólanefnd samþykkir skýrslu leikskólastjóra.

Undir þessum lið var rætt um Covid-19 faraldurinn. Í ljósi stöðu mála í Covid-19 faraldrinum óskaði leikskólastjóri eftir að hafa þann möguleika opinn að starfsdagur verði næsta mánudag, 2.nóvember í stað 10. nóvember, ef til þess kemur að gera þurfi breytingar á starfsemi leikskólans, t.d. hólfastípting eða annað til að uppfylla sóttvarnatilmæli og reglur. Skólanefnd samþykkir beiðnina.

5. Skólanámskrá

Leikskólastjóri fór yfir helstu atriðin í skólanámskránni sem er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans, undraland.is. Skólanefnd samþykkir skólanámskrána.

6. Starfsáætlun

Leikskólastjóri fór yfir starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2020 – 2021. Skólanefnd samþykkir starfsáætlunina sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans, undraland.is

7. Skoðunarskýrsla Heilbrigðiseftirlits

Leikskólastjóri fór yfir niðurstöðu skoðunar sem framkvæmd var 9. september 2020. Í niðurstöðum skýrslunnar eru tilgreind nokkur frávik og farið fram á að úrbótum vegna innra eftirlits verði lokið 22. september og öðrum úrbótum innan tveggja mánaða.

Leikskólastjóri upplýsti að brugðist hefur verið við athugasemdum vegna innra eftirlitsins. Unnið er að öðrum atriðum sem fram komu í skýrslunni.

8. Niðurstaða könnunar til foreldra

Formaður fór yfir niðurstöður rafrænnar könnunar meðal foreldra þar sem spurt var um afstöðu þeirra til aukins opnunartíma leikskólans. Niðurstaðan er ekki afgerandi og því telur nefndin ekki forsendur að svo stöddu að gera breytingar á opnunartíma leikskólans frá því sem nú er.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.